



Ársskýrsla 2020 – 2021

Stjórnandi Stóru Lúðró **Anastasia Kiakhidi**
Stjórnandi Milli Lúðró **Martin Markvoll**
Stjórnandi Litlu Lúðró **Martin Markvoll**

Litla Lúðró

Þverflauta	Gerður Nönnu Hjaltadóttir
Klarinett	Alma Rós Patryksdóttir (þverflauta f. áramót) Birna Maren Dagsdóttir Eyborg María Bergmann (þverflauta f. áramót)
Altsaxófónn	Jón Dagur Jónsson
Kornett	Valentina Cara Eyþórsdóttir
Barítónhorn	Arnar Rafnsson (kornett f. áramót)
Píanó	Ingibjörg Sesselja Jónsdóttir
Slagverk	Baltasar Kúld Arnórsson Ylfa Elísabet Jónsdóttir (þverflauta f. áramót) Þórir Már Kárason (hætti eftir áramót)
Klukkuspil	Kristín Edda Stefánsdóttir

Milli-Lúðró

Þverflauta	Hugrún María Hólmgeirsdóttir Julia Krystyna Kowalska (hætti eftir áramót)
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir Þ. Daniel Einarsson
Altsaxófónn	-
Kornett	Igor Mikolaj Kowalski
Trompet	Kristofer Dean Campbell
Píanó	Sesselja Arnþórsdóttir
Ukulele	Brynja Thorlacius
Rafbassi	-
Slagverk	Arnar Franz Hauksson Aron Elvar Stefánsson Magnús Ingi Sigfússon
Klukkuspil	Kristbjörg María Álfgeirsdóttir

Stóra Lúðró

Þverflauta	Hera Björk Ragnarsdóttir
Klarinett	-
Altsaxófónn	Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir
Kornett/Trompet	Bence Petö Helena María Ægisdóttir
Franskt horn	-
Básúna	Gergö Petö
Túba	Hjalti Jóhann Helgason
Píanó/Klukkuspil	Jóhanna María Ægisdóttir
Rafbassi	-
Slagverk	Ágústa Arnþórsdóttir Ívar Leó Hauksson

Þeir sem hættu í Litlu Lúðró og færðu sig upp í Stóru Lúðró haustið 2020

Bæring Nói Dagsson (kornett), Óskar Örn Ólafsson (trompet) og Þorvarður Hinriksson (rafbassi). Allir þessir nemendur hættu síðan við.

Þeir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2020

Embla Rós Elvarsdóttir (hætt klarinettunámi)
Hulda Salome Gunnarsdóttir (flutt)
Íris Anna Sigfúsdóttir (hætt námi)
Ragnheiður Emma Einarsdóttir (hætt námi)

Víkingasveitin

Víkingasveitin starfaði því miður ekki á þessu ári vegna kórónufaraldursins.

Ný hljóðfæri

Yamaha trompet og þverflauta

Foreldrafélag

Í stjórn voru: Anna Hallgrímsdóttir, Edda Baldursdóttir, Steinunn María Þórsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir. Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári; haldið var utan um æfingabúðir á vorönn og búningamál. Foreldrafélagið sá um veitingar fyrir krakkana á vor/afmælistónleikunum sumardaginn fyrsta.

Starfsárið 2020 - 2021

- 9. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Milli-Lúðró
15. september Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró
17. september Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró

Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Því miður voru engar æfingabúðir haldnar fyrir jól vegna kórónufaraldursins.

Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju

Því miður voru engir hausttónleikar haldnir fyrir jól vegna kórónufaraldursins.

17. desember – Hátiðartónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju

Hátiðartónleikum Tónlistarskólans var streymt á YouTube af ANOK margmiðlun og voru yfir 300 gestir á rásinni að horfa á beina útsendingu.

Þar spilaði Litla Lúðró *Jólaklukkan* og Milli-Lúðró *Jólasveinar ganga um gólf*.

Stóra Lúðró spilaði *Nóttin var sú ágæt ein* og *Jólahjól*.

13. mars – Æfingabúðir hjá Litlu og Milli-Lúðró.

Á þessum laugardegi mætti Milli-Lúðró kl. 10 og æfði fram að hádegi, bæði í hópum og í samæfingu. Í hádeginu kom Litla Lúðró og borðaði hádegsmat með eldri krökkunum.

Síðan byrjaði Litla Lúðró að æfa á meðan hinir krakkarnir fóru í sund. Kl. 17 voru síðan tónleikar þar sem sveitirnar léku hvor fyrir aðra. Fáir foreldrar fengu að vera á tónleikunum, en við tókum upp myndband sem var sent út til allra. Litla Lúðró spilaði *Kóngurinn kemur*, *Tröllamars*, *Rokk* og *Rok* (sem Arnar Rafnsson samdi). Milli-Lúðró spilaði *Colonial Spirit*, *Big Big World*, *Baby Shark* og *Köngulóin* (lag sem Kristofer Dean samdi). Að lokum var pitsaveisla og nammiát.

22. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Á þessum laugardegi mætti Stóra Lúðró kl. 10 og æfði fram að hádegi, bæði í hópum og í samæfingu. Í hádeginu krakkar og kennarar borðuðu hádegsmat allir saman. Í löngu hléi léku krakkar tónlistarleiki: upphitunarleikur «Samspil», lagakrossgátu, “Giska á lög úr myndum” og “Hljóðverkfræðingar”. Kl. 17 voru tónleikar þar sem Stóra Lúðró spilaði Highlights from Harry Potter eftir John Williams úr vinsælli bíómynd, Circle of Life eftir Elton John úr bíómyndinni Konungur Ljónanna, Jæja Ding Dong eftir Will Farrell, Suite for Fun (annan og þriðja kafla) eftir norska tónskaldið Øystein Heimdahl, St. Thomas eftir Sonny Rollins, The Star Wars Saga eftir John Willams. Fáir foreldrar fengu að vera á tónleikunum, en við tókum upp myndband sem var sent út til allra.

22. apríl – Vortónleikar

Fimmtudaginn 22. apríl, sumardaginn fyrsta, voru haldnir vortónleikar í Stykkishólmskirkju kl. 16:00. Því miður voru engir áheyrendur á tónleikunum vegna gildandi sóttvarnarreglna, en tónleikarnir voru teknir upp og upptökurnar sendar út strax næsta dag.

Litla Lúðró spilaði *Kóngurinn kemur, Nem Kuela, Rok* (frumsamið lag eftir Arnar Rafnsson) og *Tröllamars*. Milli-Lúðró spilaði *Óður til gleðinnar, Big Big World, Colonial Spirit* og *Köngulóin* (frumsamið lag eftir Kristofer D. Campbell).

Stóra Lúðró spilaði *Highlights from Harry Potter* eftir John Williams úr vinsælli bíómynd, *Circle of Life* eftir Elton John úr bíómyndinni *Konugnur Ljónanna*, *Jæja Ding Dong* eftir Will Farrell, *Suite for Fun* (annan og þriðja kafla) eftir norska tónskaldið Øystein Heimdal, *St. Thomas* eftir Sonny Rollins, *The Star Wars Saga* eftir John Willams. Kynnar voru Brynja Thorlacius og Kristbjörg Álfgeirsdóttir. Eftir tónleikana var veisla í safnaðarheimilinu þar sem foreldrafélagið bauð upp á skúffuköku og snakk.

24. maí – Opnun Frumkvöðlaseturs í Stykkishólmi

Stóra Lúðró spilaði við opnun Frumkvöðlaseturs í Stykkishólmi í fyrrverandi húsnæði Arion Banka. Sveitin spilaði *Öxar við ána, St. Thomas* og *Jæja Ding Dong*.

17. júní 2021 – Stóra Lúðró og trommusveit spila á 17. júní.

Spilað í skruðgöngu niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. – Stjórnendur og göngustjóri Hafþór S. Guðmundsson (í fjarveru Anastasiu). Löggin sem voru spiluð: *Öxar við ána, Hafíð bláa hafíð, Á Sprengisandi, Cheburaschka* og *Jæja Ding Dong*. Nokkrir foreldrar og fullorðnir hljóðfæraleikarar í bænum tóku þátt í göngunni og spiluðu með.

Auk þess hefur...

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum þriðjudegi.
- Milli-Lúðró æft frá 14:44 – 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Stykkishólmi, 14. september 2021

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll